



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

**PANTAÐU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345



Miðbæjarsvæðið er eitt þeirra svæða á Seltjarnarnesi sem þarf að deiliskipuleggja.

Hugmyndavinna að nýju miðbæjarskipulagi

Ákveðið er að fá þrjá skipulagsráðgjafa til þess að vinna hugmyndir um nýtt miðbæjarskipulag á Seltjarnarnesi. Þeir hafa þegar verið valdir úr hópi 15 aðila sem sýndu verkefninu áhuga. Um er að ræða aðila sem hafa verið öflugir í skipulagsvinnubrögðum og framsetningu á skipulagi.

Þórður Búason skipulags- og byggingafulltrúi Seltjarnarnesbæjar segir að aldrei hafi verið tekin ákvörðun í stjórnkerfinu um

hvornig framtíðarskipulag miðbæjarsvæðisins eigi að vera. Því verður um raunverulega hugmynda-samkeppni að ræða. Miðbæjarsvæðið er eitt þeirra svæða á Seltjarnarnesi sem þarf að deiliskipuleggja og með þeirri hugmynda-vinnu sem fyrirhuguð er munu bæjaryfirvöld fá efni til þess að vinna úr en nú er unnið að deiliskipulagi víðsvegar á Nesinu. *Sjá viðtal við Þórð Búason á bls. 10-11.*

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

OPÍÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Sundagörðum 2 Sími: 533 4800

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum á Seltjarnarnesi óskum við eftir eignum í sölu.

Góður sólutími framundan.

- Sölumat án skuldbindingar
- Persónuleg þjónusta
- Myndataka af atvinnuljósmyndara
- Vönduð sölugögn
- Sanngjarn sölukostnaður

Hafið samband við Gylfa Þórisson sölustjóra í síma **822-0700** eða á netfangið **gylfi@midborg.is**

Gylfi Þórisson
Sölustjóri

Björn Þorri Viktorsson
Hfl. og Lögg. Fasteignasali

Slökkvitækjaþjónustan

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímamann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift fritt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Ný pólitísk sýn

Í síðustu viku ákvað Jón Gnarr og Besti flokkurinn að leggja sig niður, flokkur með 37% fylgi þetta er ótrúlegt. Þetta ætti að vera fjór-flokknum þörf áminning sem alltaf hefur verið að plotta og láta sérhagsmunina og einkavinnina ganga fyrir þörfum almennings. Ég held að við Íslendingar þurfum að fara að breyta pólitísku landslagi á þessari eyju áður en að við gerum út að við okkur sjálf. Menn eiga að hugsa um hagsmuni heildarinnar ekki alltaf þessa sérhagsmuni sem oft hefur farið illa með okkur. Fólki í pólitík á að vinna saman. Það eru nokkur bæjarfélög sem hafa gert þetta þar á meðal Seltjarnarnes en þar hefur verið gott samstarf milli meiri- og minnihlutans. Kannski þarf enga flokka bara gott fólk sem vinnur fyrir sitt bæjarfélag af skynsemi. Í landsmálunum erum við komin langt út á tún, við þurfum ekki þessa öfgapólitík sem alltaf hefur ráðið og sérhagsmunir hafa gengið fyrir almannahagsmunum. Við þurfum fólk eins og Jón Gnarr og hans flokk sem neitar að taka þátt í þessu pólitísku slagsmálum. Við þurfum að jafna atkvæðisréttinn á þessu landi og gera landið að einu kjördæmi. Það þarf að vera fólk á alþingi sem vinna allir sem einn að sameiginlegum umbótum fyrir alla landsmenn.

Seltjarnarnesbær fertugur á næsta ári



Seltjarnarnesbær mun fagna 40 ára kaupstaðarafmæli þann 9. apríl á næsta ári. Af því tilefni kallar menningarsvið bæjarins eftir hugmyndum frá bæjarbúum og öðrum um viðburði eða verkefni sem gætu átt heima á afmælisárinu þ.e. frá 9. apríl til ársloka 2014.

Viðburðir og verkefni geta tengst afmælisdeginum sjálfum, skipulagðri dagskrá bæjarins, eins og Gróttudegi, Jónsmessu, 17. júní hátíðarhöldum, bæjarhá-

tíð, Safnanótt eða öðru. Þeir geta einnig staðið sjálfstæðir og ekki í tengslum við skipulagða dagskrá. Áhugasamir sendi inn tillögur þar sem fram kemur heiti verkefnis og stutt lýsing á því, tímasetning, staðsetning, fjármögnun og nafn, kennitala og netfang ábyrgðarmanns. Hugmyndir skulu sendar inn fyrir föstudaginn 20. desember 2013 á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Menningarsvið, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi, eða á netfangið: soffia@seltjarnarnes.is

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími
511 1188

Engin ofbeldisbrot það sem af er þessu ári

Engin ofbeldisbrot voru tilkynnt lögreglunni frá íbúum Seltjarnarness frá janúar til október á þessu ári og svipað ástand hefur varað undanfarin ár. Seltjarnarnes er því eitt öruggasta búsetusvæði á landinu sé litíð til tíðni afbrota og slysa. Þetta kemur fram í nýjum niðurstöðum sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kynnti á árlegum haustfundi sínum í bæjarfélaginu, en fá sveitafélög búa við jafn lága afbrota- og slysatíðni og íbúar Seltjarnarness.


Þessi og fleiri jákvæð tíðindi komu fram á fundinum sem lögreglan hélt á bæjarskrifstofum Seltjarnarness mánudaginn 21. október. „Það er býsna gott ástand á Seltjarnarnesi og mjög jákvætt hversu hópamyndanir barna eru litlar og afbrot eru fátíð hjá ykkur“, sagði Kristján Ólafur Guðnason aðstoðaryfirlögsluþjónn sem kynnti niðurstöðurnar ásamt félögum sínum. Í kynningunni var Seltjarnarnesbær borinn saman við höfuðborgarsvæðið og kom í öllum tilfellum betur út, en þess ber þó að geta að höfuðborgarsvæðið hefur verið á stöðugri uppleið, sem er jákvætt fyrir alla.

Fjöldi tilkynnta þjófnaðainn-

brota á heimili á Seltjarnarnesi frá janúar til október 2013 hefur fækkað úr 0,9 í 0,7 á hverja 1000 íbúa, sem er óverulegt. Fjöldi tilkynnta eignarspjalla fer verulega niður á við á þessu ári og aðeins er skráð eitt slys, hjóltreidaslys, á þessu tímabili. Í kynningunni kom fram að öflugt forvarnarstarf meðal ólíkra hagsmunahópa í bæjarfélaginu hafi skilað góðum árangri og slíkt endurspegli líka góða framgöngu ungmenna í bæjarfélaginu.

Íbúar öruggir með sig

Lögreglan framkvæmdi einnig þolendakönnun en þar kom fram að 100% íbúa á Seltjarnarnesi eru



Á meðfylgjandi glærum sést tíðni ofbeldisbrota á Seltjarnarnesi, borin saman við höfuðborgarsvæðið.



Á myndinni eru fulltrúar frá lögregluembættinu auk bæjarstjóra Seltjarnarness þau eru; Kristján Ólafur Guðnason, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Rannveig Þórisdóttir, Þórir Ingvarsson og Hákon Sigurjónsson.

ánægðir með störf lögreglunnar, en það hlutfall er 90% á höfuðborgarsvæðinu. Í niðurstöðum kom fram að 56% íbúa finnst lögreglan aðgengileg á Nesinu, sem þyrfti að lagfæra að mati lögreglunnar og 62% aðspurðra fannst vanta lögreglu á Nesið. 96% aðspurðra telja sig vera örugga eina á gangi í sínu byggðarlagi.

Á fundinum báru fundargestir upp spurningar sem á þeim brunu m.a. hvernig lögreglan væri að

bregðast við fréttum af mönnum sem byðu börnum upp í bíl til sín og rakti lögreglan það ferli sem færi af stað þegar slíkar ábendingar bærust, en þau mál eru alltaf í forgangi að sögn lögreglu. Á fundinum var einnig rætt um fyrirhugaðar þrengingar á helstu flutningsæðum Seltirninga og hvort lögreglan hefði aðkomu að slíkum ákvarðanatökum, m.t.t. rýmingaráætlnar. Sagði lögreglan svo vera í sumum tilfellum en ekki alltaf.



á lista
4.-5.
sæti
sjálfstæðismanna

Magnús Örn
Guðmundsson

Sjálfstætt Seltjarnarnes án skulda.

Framkvæmdum forgangsraðað af skynsemi.

Framúrskarandi aðbúnaður,
kennsla og árangur í skólum.

Fjölbreytt tómtunda-
og íþróttastarf.

Áhersla á velferð eldri
borgara á Seltjarnarnesi.

Nýta svigrúm til lækkunar útsvars...

... og fasteignagjalda.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar á Seltjarnarnesi næsta vor fer fram laugardaginn 9. nóvember.

Góð viðbrögð við Hrólfsskálamelnum



Til vinstri Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltur fasteignasali og Sverrir Kristinsson framkvæmdastjóri Eignamiðlunar.

Eignamiðlun hefur fengið til sölu fjölbýlishús með 30 íbúðum við Hrólfsskálamel, Seltjarnarnesi. Sverrir Kristinsson hjá Eignamiðluninni segir að íbúðirnar séu flestar á 100 til 120 fermetrar auk geymslu. Nokkrar íbúðir eru 220 fermetrar auk geymslu og tveggja bílastæða en þær eru allar seldar nema ein þeirra. Hún er á efstu hæð eins og hinar 220 fermetra og 5 til 6 herbergja. Íbúðinni fylgja auk þess stórar geymslur og tvö bílastæði. Á íbúðinni eru 60 fermetra svalir og viðrunarsvalir og ásett verð er 115 milljónir króna.

Sverrir segir verð á öðrum íbúðum vera á bilinu 41 til 80 milljónir en þær eru 100 til 120 fermetra auk góðrar geymslu. Mikil lofthæð er í íbúðunum og fyrir hverjar sex íbúðir er að jafnaði lyfta. Bílastæði



Hrólfsskálamelur 10-18.

í góðum bílakjallara fylgja, tvö til þrjú stæði fylgja stærstu íbúðunum. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna sumarið 2014. Lóð verður frágengin með bílastæðum. Glæsilegt útsýni verður úr íbúðunum. Stutt er í sundlaug, golfvöll, skóla, heilsugæslu, líkamsrækt og verslanir, svo eitthvað sé nefnt. Það eru Stólpar ehf. sem byggja blokkina.

Guðlaugur sýnir í Eiðisskeri



Rithöfundurinn Guðlaugur Arason rýnir hér í eigið myndverk þar sem millimetri er stór eining og hársbreiddin líka.

Sýning rithöfundarins Guðlaugs Arasonar í Bókasafninu á Seltjarnarnesi verður opnuð þann 14. nóvember nk. kl. 17:00. Guðlaugur sýnir þar myndverk sem samanstanda af litlum bókaskápum fullum af agnarsmáum þekktum íslenskum, sem og erlendum bókum. Bækurnar kallar Guðlaugur álfabækur en í hverju myndverki er litill álfur sem er um það bil hálfur sentimeter á hæð. Að sögn Guðlaugs þá er álfurinn andi verksins. Öll verkin verða til sölu og mun sýningin standa til 31. desember.

Álfabækurnar eru allar úr bókasafni Guðlaugs sem hann hefur minnkað niður í einn á móti 12 og stærstu bækurnar eru um tveir sentimetrar á hæð. Allar eru bækurnar gerðar úr víði og með sínum kápum. Allar í réttum hlutföllum. Guðlaugur segir hernaðarleyndarmál hvernig hann vinnur myndverk-

in. Hann segir þetta vera handverk frá a til ö og mikil nákvæmnisvinna. Eins og hann segir sjálfur. “Einn millimetri er stór eining hjá mér og hársbreiddin líka. Þess vegna er flísatöngin í uppáhaldi hjá mér.” Guðlaugur sýndi álfabækurnar í Amtsbókasafninu á Akureyri í sumar og var sýningunni frábærlega vel tekið, fólk hafði mikið gaman af að rýna í verkin með stækkunarglerjum sem lágu frammi á sýningunni.

Guðlaugur er betur þekktur á Íslandi fyrir skáldsögur sínar, þar á meðal Eldhúsmellur, Pelastikk og Sóla, Sóla. Hann hefur einnig skrifað vinsælar handbækur um Kaupmannahöfn. Guðlaugur hefur búið í Sviss undanfarnin ár en er nú að flytja til Íslands. Við hvetjum lesendur til að láta þessa einstöku sýningu ekki framhjá sér fara. Myndverkin eru einstaklega falleg og ótrúleg völundarsmíð unnin af natni og nákvæmni.



Skrúður

Glæsilegt jólahlaðborð í hádeginu og á kvöldin

Girnileg jólahlaðborð í hádeginu og á kvöldin og jólabröns laugardaga og sunnudaga – frá 15. nóvember og fram til 27. desember. Afslappað andrúmsloft, góð þjónusta og dýrindis matur draga að vinnufélag, vinahópa og saumaklúbba á virkum dögum og kvöldum.

www.skrudur.is

Fulltrúi ungmenna- ráðs á nefndarfundi




Skólanefnd Seltjarnarnesbæjar ásamt fulltrúa Ungmennaráðs bæjarins. F.v. Svana Margrét Davíðsdóttir fulltrúi foreldra við Leikskóla Seltjarnarness, Sigríður Elsa Oddsdóttir fulltrúi starfsfólks við Leikskóla Seltjarnarness, Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri, Davíð Scheving skólanefndarfulltrúi, Sigrún Edda Jónsdóttir formaður skólanefndar, Ísak Arnar Kolbeins fulltrúi Ungmennaráðs Seltjarnarness, Áslaug Dóra Eyjólfsson fulltrúi skólanefndarfulltrúi, Hildigunnur Gunnarsdóttir skólanefndarfulltrúi og Sigurþóra Bergsdóttir áheyrnarfulltrúi skólanefndar.

Tímamót voru mörkuð í nefndarstarfi Seltjarnarnesbæjar 16. október sl. Þegar fulltrúi frá ungmennaráði Seltjarnarness sat sinn fyrsta nefndarfund á vegum bæjarins. Viðveru fulltrúans má rekja til þess að nýlega samþykkti bærinn að Ungmennaráð Seltjarnarness skyldi eiga fulltrúa í öllum stærstu nefndum bæjarins með málfrelsi og tillögurétt.

Seltjarnarnesbær er eitt fárra bæj-

arfélaga á landinu til að efla þátttöku ungmenna og hlýða á þeirra sjónarmið í mikilvægum bæjarmálum með þessum hætti. Hugmyndin með skipan fulltrúa frá Ungmennaráði Seltjarnarness í nefndir á vegum bæjarins er liður í því að auka lýðræði, stuðla að gagnsæjum vinnubrögðum og hvetja til opinna skoðanaskipta meðal bæjarbúa. Fulltrúi Ungmennaráðs Seltjarnarness var að þessu sinni Ísak Arnar Kolbeinsson.



Ásgeir G.
Bjarnason

4-5 sæti á lista
Sjálfstæðismanna.

Kæri Seltirningur.

Við munum lækka álögur á bæjarbúa á næsta kjörtímabili. Ég óska eftir stuðningi þínum í 4-5 sæti í prófkjöri Sjálfstæðismanna þann 9. nóvember næstkomandi vegna kosninga til bæjarstjórnar í vor.

Ásta Sigvaldadóttir í 4.-7.sæti

Yfirskrift stefnumála minn er

"Fjölskyldan í fyrirrúmi."

- Stuðla að öflugu skólastarfi
- Hafa góðan aðbúnað til íþróttar og tómstundaiðkunnar
- Að félagasamtök á Seltjarnarnesi hljóti góðan stuðning til góðra verka
- Halda álögum í lágmarki, án skerðingar á grunnþjónustu
- Áframhaldandi uppbygging og endurnýjun á innviðum Seltjarnarness

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins á
Seltjarnarnesi 9. nóvember 2013



Margt á döfinni hjá Selkórnum

Selkórinn er að fara af stað með hauststarfið og æfingar eru að hefjast fyrir jólatónleikana sem verða 8. desember í Seltjarnarneskirkju. Þar er ætlunin að flytja klassísk íslensk jólalög sem og nokkur erlend. Gissur Páll Gissurarson tenór verður einsöngvari með kórnum á tónleikunum. Gunnlaugur Ragnarsson talsmaður kórsins segir kirkjuna henta ágætlega fyrir tónleikahald því hljómburður sé góður í kirkju-skipinu en kórinn hefur nokkrum sinnum staðið fyrir tónleikum í kirkjunni.

Selkórinn á sér langa sögu en hann var stofnaður 1968. Í fyrstu var um kvennakór að ræða en frá árinu 1974 hefur hann starfað sem blandaður kór karla og kvenna. Nú starfa á bilinu 50 til 60 manns í kórnum og segir Gunnlaugur nýja kórfélaga ávallt velkomna. „Kórinn endurnýjast nokkuð en þó mætti koma meira af ungu fólki til liðs við hann. Auk söngsins er kórstarfið skemmtilegur félagsskapur sem hefur góða aðstöðu í húsnæði tónlistarskólans á Seltjarnarnesi auk þess að njóta mikils velvilja bæjaryfirvalda.“ Gunnlaugur segist auk þess að hafa ánægju af tónlistinni og að taka þátt í flutningi hennar hafi söngurinn góð áhrif á sálarlífið. „Að syngja hreinsar hugann og hvíli eitthvað á manni þá er það oft á bak og burt eftir sönginn.“ Selkórinn tekur einnig þátt í menningarháttíðinni sem nú er að hefjast á Seltjarnarnesi. „Þetta er spennandi verkefni fyrir okkur og við verðum á nokkrum stöðum bæði á laugardag og á sunnudag,“ segir Gunnlaugur.

Víða borið niður

Selkórinn hefur víða borið niður í verkefnavali í gegnum tíðina. Kórinn hefur flutt innlenda tónlist en einnig tekið verk úr tónbókmenntum



Gunnlaugur Ragnarsson.

stóru meistaranna til flutnings og má þar meðal annars nefna D-dúr messu eftir Antonín Dvorák sem var tékkneskt tónskáld á tímum rómantísku stefnunnar og uppi á síðari hluta 19. aldar. Dvorák var meðal annars þekktur fyrir að nota þjóðlagastef í tónlist sinni – nokkuð sem henta ætti söngkór sem bæði flytur léttu tónlist, nútímatónlist og klassíska. Kórinn hefur einnig lagt í önnur stórvirki og má þar nefna Requiem – sálumessu eftir Wolfgang Amadus Mozart sem hann skrifaði í Vínarborg árið 1791. Núverandi stjórnandi Selkórsins er Oliver John Kentish, breskur sellóleikari og tónskáld sem hefur búið hér á landi frá 1977. „Hann er mjög góður tónlistarmaður og hefur unnið að ýmsum tónlistarverkefnum í gegnum tíðina. Hann hefur samið ýmsa tónlist, þar á meðal verk fyrir Selkórinn og einnig stjórnað Sinfóníuhljómsveit áhugamanna svo nokkurs sé getið. Við erum mjög heppin að hafa fengið hann til liðs við okkur,“ segir Gunnlaugur.

Flytja verk Gunnars

Selkórinn hyggst ráðast í stórt verkefni á vormisseri. „Þá ætlum við að fá Gunnar Þórðarson til liðs við okkur en hann er að vinna að útsetningu nokkurra laga sinna fyrir blandaðan kór. Ég veit ekki til þess að Gunnar hafi fært tónsmíðar sínar í búning fyrir blandaðan kór til þessa þannig að það verður mjög áhugavert að fylgjast með þessu og heyra þau hljóma í meðförum okkar. Gunnar hefur stöðugt verið að vinna að nýjum verkefnum einkum á sviði klassískrar tónlistar á undanförunum árum og því finnst okkur tímabært að flytja lög hans í kórþúningi.“

Góður félagsskapur

Gunnlaugur talar um þann góða félagsskap sem fylgi þátttöku í kórstarfinu. „Við höfum farið nokkrum sinnum í söngferðir til útlanda. Við fórum eitt sinn til St. Pétursborgar í Rússlandi þar sem við sungum við undirleik filharmóníusveitar borgarinnar og einnig höfum við farið til Riga í Lettlandi. Ég minnst líka eftirminnilegrar ferðar um Portúgal og Spán þar sem við fluttum D-dúr messuna eftir Dvorák í Jakobskirkjunni í Santiago de Compostela. En það eftirminnilegasta úr þeirri ferð var þegar við sungum í Fatima í Portúgal en sú borg er við enda Jakobsvegarins. Eftir á fengum við að vita að aðkomukór hefði aldrei áður verið leyft að syngja við hefðbundið messuhald þar og að það yrði sennilega aldrei leyft aftur, við vorum jú ekki kaþólsk og ekki þætti heldur rétt að bregða frá hefð. Þessi staður er þeim svo heilagur í kirkjulegum skilningi og hefðirnar ríkar.“

Vantar tenóra og bassa

Gunnlaugur kveðst að lokum vilja vekja athygli á góðum félagsskap. „Við erum að leggja í leiðangur til þess að fá fleira fólk til liðs við kórinn. Stundum hafa hópar komið til liðs við okkur – til dæmis hópur sem starfar við heilsugæsluna á Nesinu. Þetta myndar ákveðinn kjarna í starfinu. Sérstaklega vantar góða tenóra og bassa. Við tökum vel á móti öllum og einu takmörkin sem verður að setja er að fólk haldi lagi,“ segir Gunnlaugur að lokum.

Árleg höfundakynning 26. nóv.

Guðmundur Andri, Jón Kalman og Vigdís Gríms verða á hinni árlega höfundakynning Bókasafns Seltjarnarness sem notið hefur mikilla vinsælda langt út fyrir bæjarmörkin undanfarnin ár.

Að þessu sinni verður höfundakynningin haldin þriðjudaginn 26. nóvember kl. 20. Það er

hinn fjölhæfi fjölmiðlamaður með meiru, Sigurður G. Tómasson sem stjórnar umræðum en rithöfundarnir sem lesa upp úr verkum sínum og ræða við gesti eru Guðmundur Andri Thorsson, Jón Kalman Stefánsson og Vigdís Grímsdóttir. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. Kvenfélagið Seltjörn býður upp á veitingar.

Afmælispartý
sushi)
samba

Corona
Extra

LAS MORAS

Sushisamba er 2ja ára og býður þér í afmælispartý 18. og 19. nóvember

Tíu vinsælustu réttir Sushisamba á 590 kr.

Las Moras léttvínsglas á 690 kr.
Corona bjór 330 ml á 590 kr.

sushisamba
Þingholtsstræti 5 • 101 Reykjavík
sími 568 6600 • sushisamba.is

ÍSLANDSKEK

ilmandi

KEX
smiðjan

ljúffengt



ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ – NJÓTTU

www.kexsmidjan.is



www.facebook.com/Kexsmidjan

Eignastýring MP banka

ÁSKORUNUM FYLGJA TÆKIFÆRI



Áskoranir á mörkuðum hafa sjaldan verið meiri en nú. Tækifærin sem þeim fylgja geta verið dýrmæt. Njóttu ráðgjafar sérfræðinga við mat á fjárfestingarkostum og nýttu tækifærin á verðbréfamarkaði með eignastýringu MP banka. Þjónusta okkar er sniðin að þörfum viðskiptavina og við bjóðum fjölbreytt úrval fjárfestingarleiða til að ná ávöxtunarmarkmiðum hvers og eins.

Kynntu þér framúrskarandi þjónustu sérfræðinga eignastýringar MP banka og fáðu kynningarfund.

Nánari upplýsingar um fjárfestingarleiðir og verðskrá á www.mp.is eða í síma 540 3230.

www.mp.is

Hafðu samband
einkabankathjonusta@mp.is

mp banki

Umferðar- öryggisáætlun í undirbúningi

Seltjarnarnesbær kallar eftir ábendingum frá íbúum sveitarfélagsins vegna gerðar nýrrar umferðaröryggisáætlunar. Bæjarbúar eru hvattir til að taka virkan þátt í mótun og gerð áætlunarinnar með því að senda inn ábendingar fyrir 1. desember á netfangið postur@seltjarnarnes.is eða í móttöku bæjarskrifstofu Seltjarnarness.

Í byrjun næsta árs verður haldinn íbúafundur þar sem helstu niðurstöður umferðaröryggisáætlunar sveitarfélagsins verða kynntar og íbúar fá tækifæri til að koma með athugasemdir við áætlunina. Nýlega undirrituðu Seltjarnarnesbær og Samgöngustofa samning þess efnis að umferðaröryggisáætlun verði gerð fyrir sveitarfélagið. Sú vinna er nú hafin og skipaður hefur verið samráðshópur með helstu hagsmunaaðilum sveitarfélagsins og fleiri aðilum tengdum þessu málefni. Umferðaröryggisáætlun felur í sér gerð stöðumats á umferðaröryggi sveitarfélagsins, slysgreiningu, markmiðasetningu og mótun aðgerðaráætlunar. Tilgangur umferðaröryggisáætlunar er að auka vitund forráðamanna sveitarfélaga og íbúa um umferðaröryggi. Virk þátttaka íbúa er mikilvæg og er talið mjög gagnlegt að foreldrafélög í leik- og grunnskólum, auk annarra félagssamtaka og hagsmunaaðila taki þátt.

Á næstunni munu hagsmunaaðilar hittast og koma með ábendingar er varða umferðaröryggi og vinna úr þeim. Samráðshópurinn skipa: Stefán E. Stefánsson, bæjarverkfræðingur, Baldur Pálsson, fræðslustjóri, Haukur Geirmundsson, íþróttafulltrúi, Fjóla Höskuldadóttir, frá grunnskóla og Svana H. Davíðsdóttir frá foreldraráði leikskóla öll frá Seltjarnarnesbæ. Aðrir í hópnum eru: Baldur E. Grétarsson frá Vegagerðinni, Þóra M. Magnúsdóttir frá Umferðarstofu, Jóhann Karl Þórisson frá Lögreglunni, Einar Kristjánsson frá Strætó BS og Svanhildur Jónsdóttir frá VSÓ Ráðgjöf sem er verkefnastjóri þessa verkefnis.

16 ára reynsla og
þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



Ánægja með lengri varnargarð



Sigurður Konráðsson. Smábátahöfnin í baksýn.

Sigurður Konráðsson formaður smábátaeigenda á Seltjarnarnesi kveðst afar ánægður með þær framkvæmdir sem Seltjarnarnesbær stóð fyrir í sumar á lengingu varnargarðar við smábátahöfnina. Hann nefnir að í óveðrum, eins og gengið hafa yfir landið að undanförmu hefði líklega hlotist mikið tjón á bátum ef ekki hefði verið fyrir varnargarðinn.

„Lengingin skiptir sköpum fyrir innsiglingar og bátarnir eru í góðu vari fyrir vestanáttinni,“ segir Sigurður. „Til að höfnin yrði alveg fullkomin þyrfti að lengja hana örlítið meira t.d. um 25 metra í viðbót í norður þá myndu aðstæður breytast enn meira til batnaðar og svo þyrfti einnig að huga að dýpkun þegar fram líða stundir.“



Sigríður Sigmarsdóttir

2. - 5. sæti á lista Sjálfstæðismanna

"Framtíðarsýn mín er styrk stjórni í fjármálum með jákvæðu viðhorfi til framkvæmda og vaxtar samfélagsins"

Kíktu á mig á www.nyttnes.is



LÝÐUR ÞÓR ÞORGEIRSSON 3. - 4. SÆTI

„Ég legg áherslu á að styrkja sérstöðu og ímynd Seltjarnarnesbæjar. Það verður fyrst og fremst gert með lágum sköttum og ábyrgð og festu í rekstri sveitarfélagsins. Einnig legg ég áherslu á öryggi íbúa, léttu umferð, fallegt umhverfi og að haldið verði í sérkenni byggðar á Nesinu í skipulagsmálum. Þá á grunnskóli Seltjarnarness vitaskuld að vera í fremstu röð og auðsótt fyrir börnin að stunda íþróttir.“

Lýður Þór starfar sem framkvæmdastjóri hjá GAMMA, rekstrarfélagi verðbréfasjóða. Hann er með MBA próf frá MIT, B.Sc. verkfræði frá Háskóla Íslands og stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands.

Lýður Þór er giftur Ragnheiði Harðar Harðardóttur, sérfræðingi í fyrirtækjaráðgjöf. Þau eiga þrjú börn.

Hafið samband á Facebook, í síma 842 5330 eða með tölvupósti á netfangið lydur.thorgeirsson@gmail.com.

Margt að gerast í skipulagsmálunum

„Okkur hér á Seltjarnarnesi hefur staðið nokkuð fyrir þrifum að þar til fyrir örfáum árum var eiginlega ekkert skipulag í gildi á Seltjarnarnesi annað en aðalskipulagið. Margt hafði þó verið unnið að deiliskipulagi fyrr en ekki tekist að ljúka því. Deiliskipulagsvinna hófst svo fyrir alvöru þegar lokið var við nýtt aðalskipulag árið 2006. Fyrst var unnið að deiliskipulagi fyrir stofnanasvæðið á Suðurströnd og íbúabyggð á Hrólfsskálamel. Síðan beindist skipulagningin einkum að Vestursvæðinu þar sem bygging fyrir fyrirhugað Lækningaminjasafn reis og síðan var hafin vinna að skipulagi fyrir Bygggarðasvæðið sem byrjað var að deiliskipuleggja fyrir íbúabyggð en þeirri vinnu lauk ekki fyrr en síðar. Deiliskipulag vegna Lækningaminjasafns var undirbúið fyrir aldamót en lokið 2008 og deiliskipulagningu á græna hluta Vestursvæðis lauk 2009. Á sama tíma var farið að vinna skipulag á fleiri svæðum á Nesinu. Lokið var við deiliskipulag fyrir Bakkahverfið 2010 og síðan Bygggarðasvæðið og Lambastaðahverfið 2012 til 2013. Nú er hafin vinna við nýtt deiliskipulag fyrir Vestursvæðin að nýju ásamt íbúabyggð vestan Lindarbrautar, í Kolbeinsstaðamýri, við Bollagarða og Hofgarða og Strandirnar. Á næstunni liggur fyrir að taka til við vinnslu deiliskipulag fyrir Melshúsatún, Hrólfsskálavör og Steinavör, Valhúshæð ásamt strandsvæðum og grænum svæðum og loks miðbæjarsvæðið.“ segir Þórður Ólafur Búason skipulags- og byggingafulltrúi Seltjarnarnesbæjar í samtali við Nesfréttir.

Nú er unnið að því að ná festu í málin og finna flöt á því hvað hægt er að gera. Seltjarnarnes er landlítið og ýmis svæði viðkvæm út frá náttúrufari. Þórður segir mikinn áhuga á að stækka golfvöllinn og auka athafnasvæði golfþróttarinnar og ýmsar hugmyndir á kreiki í því efni. Hann segir ýmis óhagræði vera við völlinn. „Í því sambandi má nefna stór bílastæði á tveimur stöðum sem engan veginn er hægt að samnýta. Miðstöð golfsins er á miðju Suðurnesinu með tilheyrandi golfskála, tækjakosti og löngum akbrautum á svæðinu sem er



Þórður Ólafur Búason skipulags- og byggingafulltrúi Seltjarnarnesbæjar.

á skjön við það sem telst heppilegt í náttúrunni. Ég tel að margt myndi breytast til batnaðar við eina af hugmyndum frá golfmönnum ef þjónustusvæði við golfvöllinn yrði flutt nær bílastæðinu á milli Bakkatjarnar og Suðurness. Við það myndi fást mun meira rými á Suðurnesinu. Þetta er þó ekki formlega hluti af áformum heldur ein þeirra hugmynda sem hönnuður deiliskipulagsins tekur saman og vinnur með.“

Góð staðsetning hjúkrunarheimilis

Þórður minnst næst á byggðina við Lindarbraut og Sævargarða og segir bæjaryfirvöld hafa gert samþykkt um að staðsetja hjúkrunarheimili á svæðinu neðan Nesstofu. „Ég tel þessa staðsetningu góða ekki síst út frá því sjónarmiði að hún myndi nýttast vel í tengslum við umhverfi og náttúru. Ég vona að við berum gæfu til þess að búa vel að eldra fólkinu en oft er vandinn þess eðlis að fólk er orðið svo lasburða þegar það kemst á dvalarheimili að það getur lítið eða ekkert hreyft

að hækka það talsvert upp ef þeir sem grafnir yrðu ættu ekki að lenda í votri gröf.“

Bæta gönguleiðir og tengingar

Næsta svæði sem Þórður ræddi um er vesturhverfið frá Valhúsbraut og niður á Lindarbraut. „Þetta svæði hefur þegar verið deiliskipulagt niður í Bakkavörina og nær það deiliskipulag allt upp á Valhúshæðina. Í Garðahverfinu ef svo má orða það; við Hofgarða og Bollagarða eru ákveðnir möguleikar í vinnslu deiliskipulags en eigendur fasteigna eru alltof seinir að skila inn gögnum um sínar hugmyndir þannig að málið vinnst hægt. Um er að ræða gróíð hverfi og þroskað og þar verður ekki byggt mikið ef nokkuð. Á hinn bóginn má laga ýmislegt í umhverfinu ef íbúarnir eru tilbúnir til þess. Um er að ræða að skipuleggja gönguleiðir og tengingar á milli svæða sem má bæta talsvert. Nú hefur verið gengið frá samningum um gerð deiliskipulags á „Ströndunum“ frá Víkurströnd að Vesturströnd og þar er um samþæstar hugmyndir að ræða og við „Garðana“, einkum um að bæta gönguleiðir frá Ströndunum upp á Valhúshæðina.“

Huga þarf að háum trjágróðri

Ef haldið er áfram yfir á græna beltíð; Valhúshæðina, Plútóbrennuna og Bakkagarðinn þá er ákveðið að fá ráðgjafa sem myndi taka saman hugmyndir og deiliskipuleggja svæðið niður að smábátahöfninni. Þórður segir að þar sé um áhuga-vert svæði að ræða. Hann segir að til séu gamlar hugmyndir um skipulag á þessu svæði en hafi aldrei verið unnar til fulls. Hugsanlega megi byggja á þeim að einhverju leyti þegar hafist verður handa við þetta skipulag. Hann bendir einnig á að nokkuð sé um hávaxinn gróður á þessu svæði sem fólk telji að farið sé að byrgja útsýni. Að því þurfi að huga eins og fleiru þegar ákvörðun er tekin um deiliskipulag. Hann segir fólk farið að saga niður tré jafnvel í óleyfi líkt og í Elliðaárdalnum til að opna fyrir útsýni og sólarljósi. Svona sjálfssprottið skógarhögg sé

Hugmyndir um grafreit

Þórður segir nokkra umræðu hafa átt sér stað á Seltjarnarnesi um nauðsyn þess að koma upp grafreit fyrir Seltirninga. „Þessar umræður hafa þó ekki farið á það stig alla vega ekki enn sem komið er að mögulegt sé að draga af þeim ályktanir um hvort almennur hljómgrunur sé fyrir þessari hugmyndi í bæjarfélaginu. Einhver áhugi er þó fyrir þessu og af þeim kviknuðu hugmyndir um staðsetningu. Rætt hefur verið um að koma mætti grafreiti fyrir út undir Gróttu en vegna þess hversu landið þar er skammt ofan yfirborðs sjávar yrði


ekkert sniðugt og menn verið að hafa samvinnu um slíkar aðgerðir.“

Megum vera þakklát fyrir gróðurinn

En aðeins meira um trjáræktina. „Við megum vera þakklát fyrir þann gróður sem hefur vaxið á Nesinu og gerbreytt veðurfarinu,“ segir Þórður. „Það eru um fjórir áratugir síðan að ég byrjaði sjálfur að huga að heimili á Seltjarnarnes og get því borið um að í dag er allt annað veðurfar en var þá. Ef hvessti hvort sem var af norðri eða úr suðri var hvínandi rok á Seltjarnarnesi og skefli og skóf yfir allt á veturna ef snjór lá yfir sem reyndar gerðist ekki oft. Við erum ekki að tala um sömu veðráttu og þess vegna verðum við að fara með gætni í skógarhöggið og finna okkur meðalveg eins og í öðru.“

20 íbúðir við Lambastaðabraut

Hrólfsskálmelurinn og Suðurströndin hafa verið deiliskipulöggð og vonandi tekst að ljúka uppbyggingunni þar á næstu misserum og ætlunin er að taka Melshúsatúnið og Hrólfsskálavörina til deiliskipulagningar og búið að ráða ráðgjafa í það verkefni. Þetta er að mestu fullbyggt svæði en nokkrar lóðir er þó enn lausar í átt að Steinavörinni sem væri hægt að byggja á. Þá erum við komnir að Lambastaðahverfinu,“ heldur Þórður áfram. „Trúlegt er að þar hafi þorpsmyndun á Seltjarnarnesi hafist en útvegsbændurnir dreifðu sér um allt Nesið. Það voru komnar fram hugmyndir um byggingu þar en þær dögudu uppi í hruninu. Nú stendur til að byggja við Skerjabrautina. Skipulagsvinnan hefur gegnið hægt



Á þessari loftmynd sjást deiliskipulagssvæðin á Seltjarnarnesi merkt með rauðum línunum.

ar en búið var við því þurft hefur að leysa úr ýmsum ágreiningsefnum varðandi þá sem fyrir búa á svæðinu. Nú stendur til að byggja 20 íbúðir við Skerjabrautina sem verður góð viðbót við þær 65 íbúðir sem verið er og áformað er að byggja á Hrólfsskálamelnum.“

Tafir í Kolbeinsstaðamýrinni

Verið er að undirbúa deiliskipulag í Lambastaðamýrinni eða Kolbeinsstaðamýrinni eins og hún er oftast nefnd í dag. Þórður segir að gamalt hús Stóri Ás sem stendur á miðju skipulagssvæðinu og valdi nokkrum vanda. Ekki hefur verið búið í húsinu um skeið. Það hefur verið í niðurníðslu og um tíma var þar athafnasvæði hústökufólks. Þórður segir að húsið sé nokkuð hátt, á hæð við Vegamótahúsið og því nokkru hærra en sú byggð sem

gert er ráð fyrir að rísi. „Þau sjónarmið eru ríkjandi innan bæjarstjórnarinnar að nálgast deiliskipulagið út frá þeirri byggð sem þegar hefur þróast fremur en að halda þessum háreistu þökum frá fyrri tíma. Eigandi hússins hafi haft uppi fyrirætlanir sem ekki hlutu náð fyrir augum bæjaryfirvalda. Stóri Ás er ekki komin á varðveislualdur og raunar er ekkert við húsið sem kallar á friðlýsingu þess hvorki byggingasögulega eða menningarsögulega. Ef á að geyma byggingar þá þarf að velja þær af kostgæfni. Við þurfum bara að glíma við þetta verkefni eins og önnur og sjá hvert það þróast en skipulagsvinnan hefur dregist vegna þessa lausa enda – hvað gera eigi við húsið.“

Miðbæjarskipulag komið á hugmyndastig

Og þá er komið að miðbæjar-

svæðinu. Þórður segir hugmyndina vera að fá þrjá ráðgjafa sem hafa verið öflugir í skipulagsvinnubrögðum og framsetningu á skipulagi til þess að vinna að hugmyndum um framtíðarskipulags þess. „Þessir þrír aðilar hafa þegar verið valdir úr hópi 15 aðila sem sýndu þessu verkefni áhuga. Mér vitanlega hefur aldrei verið tekin ákvörðun í stjórnkerfinu um hvernig framtíðarskipulag miðbæjarsvæðisins á að vera. Við ætlun að afhenda þessum þremur aðilum allar þær upplýsingar sem við höfum og sjá síðan hvað mun koma út þeirra hugmyndafræði og vinnu. Í hinni almennu skipulagsfræði er talið að þurfi allt að 25 þúsund manna byggð að baki miðbæjar en við sem erum bara 4.300 ætlum að verða sjálfum okkur nóg að þessu leyti.“

Sjóleiðin Seltjarnarnes

Að lokum minnst Þórður á aðkomuleiðirnar að Seltjarnarnesi sem liggja í gegnum Reykjavík og segir illa leggjast í marga Seltirninga ef þær verða þrengdar frá því sem er nú. „Ekki er of auðvelt að komast af Nesinu eða á það í dag hvað þá ef aðkomuleiðirnar verða þrengdar eins og boðað hefur verið með breytingum á Mýrargötunni og hugsanlega Hringbrautinni. Fólk kemur til með að setja þetta fyrir sig og þá ekki síst fólk sem hefur áhuga á að koma sér upp húsnaði og heimili á Seltjarnarnesi. Gagnvart þessu verða Seltirningar að vera á verði. Hvort þeir eigi að komast með góðu móti af bæ í framtíðinni eða þurfa að fara aftur til fortíðar og nota sjóleiðina. Verði Seltirningum gert ókleyft að fara landleiðina blasir ekkert annað en sjórinn við.“



Sigrún Edda Jónsdóttir

2. sæti á lista sjálfstæðismanna

Ég gef kost á mér til áframhaldandi setu í bæjarstjórn og óska eftir stuðningi þínum í 2. sæti listans í prófkjörinu þann 9.nóvember n.k.

Karl Pétur í 3. sæti Börnin í 1. sæti

Við
getum gert
betur



Prófkjör sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi
9. nóvember 2013



SELTJARNARNESBÆR
Menningarnefnd

BÆJARLISTAMAÐUR SELTJARNARNESS 2014

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir hér með eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi og/eða rökstuddum ábendingum um nafnbótina *Bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 2014*.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur. Væntanlegir umsækjendur eru beðnir að haga umsóknum í samræmi við *reglur um bæjarlistamann* sem liggja frammi á bæjarskrifstofum Seltjarnarness að Austurströnd 2, en þær er einnig að finna á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is

Umsóknum og/eða ábendingum skal skila á bæjarskrifstofu Seltjarnarness merktum: „*Bæjarlistamaður 2014*“ fyrir 28. nóvember nk.

**Menningarnefnd
Seltjarnarness**



Krakkarnir í 5. bekkjunum í Grunnskóla Seltjarnarness hafa verið að vinna tölfræðiverkefni í stærðfræðinni síðustu dagana. Þeir hafa gert fjölmargar kannanir meðal nemenda skólans og setja niðurstöðurnar fram í myndriti.

Í náttúrufræðinni eru þeir að kynna sér umhverfisvernd og hafa tekið saman góð ráð fyrir alla sem

vilja bæta umgengni í náttúrunni. Í íslenskunni er verið að æfa réttitun og til að hvíla höndina og auka á fjölbreytnina völdu krakkarnir margvísleg skemmtileg aukaverkefni, svo sem að hoppa 10 froskahopp, hrósa einhverjum, knúsa kennara og ganga ganginn í hænuskrefum. Þetta var svo skemmtilegt að allir voru brosiandi og hlæjandi við verkefni sín.

ATKVÆÐASEÐILL

í prófkjöri sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi
9. nóvember 2013

Kjósið 7 frambjóðendur í töluröð

	Guðmundur Magnússon, framkvæmdastjóri
	Karl Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri
	Katrín Pálsdóttir, háskólakennari
	Lýður Þór Þorgeirsson, framkvæmdastjóri
	Magnús Örn Guðmundsson, viðskiptafræðingur
	Sigríður Sigmarsdóttir, viðskiptastjóri
	Sigrún Edda Jónsdóttir, deildarstjóri
	Ásgeir G. Bjarnason, framkvæmdastjóri
	Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri
	Ásta Sigvaldadóttir, ráðgjafi
	Bjarni Torfi Álfþórsson, framkvæmdastjóri

ATHUGIÐ: Kjósa skal 7 frambjóðendur, hvorki fleiri né færri. Kosið skal með því að setja tölustafina 1 til 7 fyrir framan nöfn frambjóðenda. Þannig skal kjósendi setja töluna 1 fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann óskar að hljóti fyrsta sætið í prófkjörinu, töluna 2 fyrir framan nafn þess sem hann vill að hljóti annað sætið í prófkjörinu, töluna 3 fyrir framan nafn þess sem hann vill að hljóti þriðja sætið í prófkjörinu og þannig koll af kalli þar til kosnir hafa verið 7 frambjóðendur.

Kjósið 7 frambjóðendur í töluröð

Prófkjör sjálfstæðismanna fer fram laugardaginn **9. nóvember frá kl. 10 til 18** í sal Sjálfstæðisfélags Seltíninga að Austurströnd 3, 3 hæð.

Utankjörfundarkosning fer einnig fram í sal Sjálfstæðisfélags Seltíninga á virkum dögum að Austurströnd 3, frá **kl. 18-20**.

Lífsgæði á Seltjarnarnesi

Alla mína tíð hef ég búið á Seltjarnarnesi ásamt fjölskyldu minni, þ.e. í 23 ár.

Á þessum árum hef ég notið alls þess helsta sem þjónusta bæjarins hefur upp á að bjóða, nema reyndar þjónustu aldraðra, en það styttist þó óðum í það þar sem fyrirhugað er að byggja hjúkrunarheimili í bakgarðinum hjá mér, þ.e. á nestúninu.

Það sem einkennir „Nesið“ í mínum huga er nálægðin og öryggið, það mætti í raun segja að við njótum þeirra kosta sem felast í því að búa úti á landi, en samt með öllum þeim fríðindum sem höfuðborgarsvæðið hefur upp á að bjóða. Hér er allt til alls nánast á sama blettinum og tel ég það mikinn kost og þá sérstaklega fyrir unga krakka, þau geta t.d. farið frá skólanum í íþróttahúsið og tónlistarskólann án þess að fara yfir götu. Ég hef alltaf upplifað mig öruggan á Seltjarnarnesi og má í því sambandi nefna að mjög lítið er um afbrot hér.

Sú þjónusta sem hefur reynst mér hvað best eru skólarnir, en af þeim hef ég gríðarlega góða reynslu og hefur tími minn þar reynst mér einkar gott veganesti fyrir framtíðina. Því tengdu tel ég að samhugur unga fólksins á Seltjarnarnesi sé einstakur og tala ég þá ekki bara út frá minni eigin reynslu heldur einnig reynslu systkina minna. Hér þekkest varla að krakkar séu byrjuð að drekkja og reykja í grunnskólum bæjarins auk þess sem tíðni eineltis er fremur lág. Ég get því sannarlega

mælt með því heilbrigða umhverfi sem skólar bæjarins bjóða upp á. Í þessu sambandi má heldur ekki gleyma tónlistarskólanum, félagsmiðstöðinni og íþróttahúsinu. Þá vil ég einnig nefna nýtt framfara skref sem felst í stofnun ungmennaráðs og ungmennahúss, er ber nafnið Skelin, en þar tel ég mjög gott starf fara fram.

Undirritaður telur því ljóst að lífsgæði á Seltjarnarnesi séu mikil og má því með sanni segja að ég sé stoltur Seltirningur. Grundvöllinn fyrir þessum miklu lífsgæðum tel ég einkum vera þann að bænum hefur verið stjórnað af mikilli ráðdeild og fagmennsku, sem hefur m.a. leitt til þess að bæjarfélagið er mjög vel sett fjárhagslega. Hér hefur mér alla tíð liðið vel og get ég hugsað mér að búa hér áfram, þrátt fyrir þetta hraða logn sem stundum vill einkenna þennan góða bæ.

Til að tryggja áfram góð lífsgæði á Nesinu þurfum við öll að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu til að gera gott bæjarfélag enn þá betra og því hvet ég alla til að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins þann 9. nóvember næstkomandi.

Ámi Þórólfur Ámason

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

Góð þjónusta er meira virði en skattalækkunir

Nú styttist í að kjörtímabil núverandi bæjarstjórnar rennur út. Framundan er prófkjör sjálfstæðismanna og væntanlega uppstilling vinstrimanna og þar á eftir hefst kosningabaráttan fyrir bæjarstjórnarkosningarnar næsta vor. Færri hafa gefið kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisfélagsins en margur bjóst við og þýðir það að meiri vandi verður að velja hæfileikafólk á listann.

En hvað vilja stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins setja á óskalistann og stefnuskrá flokksins í næstu kosningum. Ef maður hlustar á bæjarbúa þá er nokkuð ljóst að skattalækkunir, sem oft eru nefndar, eru ekki ofarlega á óskalistanum. Bæjarbúar vilja miklu heldur búa í bæjarfélagi sem býður góða og trausta þjónustu á öllum sviðum samfélagsins fekar en að fá smávægilegar skattalækkunir. Nesið er eitt af fyrirmyndarþjónustugum landsins og hér líður íbúunum vel og sést það best á háu fasteignaverði. Fjöldi fólks sækist eftir því að kaupa sér fasteign á Nesinu, m.a. annars til að koma börnum sínum hér í góða skóla og dagvistun eða njóta margskonar fyrirmyndarþjónustu og auk þess má nefna göngustígakerfið og náttúrperlu sem vestursvæðin eru. Biðin getur verið löng því fáir vilja selja íbúðir sínar til að flytja í önnur bæjarfélög af ofangreindum ástæðum. Einhverja sögu segir það.

Bæjarbúar njóta þess að búa í hreinum og snyrtilegum bæ, sem býður upp á trausta heilsugæslu og öflugt íþrótt- og æskulífsstarf. S.l. sumar var hrópanði munur á snyrtimennsku Nessins og óræktinni handan „landamæranna“. Á hverju ári undanfarin ár hefur verið unnið að endurbótum á gatna- og gangstéttakerfinu svo eftir hefur verið tekið.

Þjónusta bæjarfélagsins við eldri

borgara er til fyrirmyndar og bæjarstjórnin hefur stutt vel við bakið á tómsundastarfi þeirra í góðri samvinnu við Seltjarnarneskirkju. Íþróttafélagið Gróttu og golfklúbburinn halda uppi öfluglu íþróttu- og útvistarstarfi sem bærinn hefur stutt dyggilega við bakið á um langt árabíll. Ekki má gleyma öfluglu tónlistar- og menningarstarfi í kirkjunni og á bókasafninu. Allt þetta og meira er gert til að gera „góðan bæ betri“.

Síðast en ekki síst má ekki gleyma að hér er stunduð öflug og vönduð fjármálastjórn undir sterkri forystu Ásgerðar Halldórsdóttur bæjarstjóra. Farið er vel með fé íbúanna og alls staðar er gætt hófs í rekstri bæjarins. Skuldastaða bæjarins mætti vera lægri en hún er samt afar góð borið saman við flest öll bæjarfélög á landinu. Það er ástæðulaust að hafa áhyggjur af skuldunum enda er unnið markvisst að því að greiða þær niður jafnt og þétt og miðar þar í rétta átt. Það er sama hvert lítið er, alls staðar blasir við að á Nesinu er vel haldið á öllum málum bæjarfélagsins. Það er næsta víst að flestir bæjarbúar kjósa fyrst og fremst góða og örugga þjónustu bæjarins. Þess vegna munu flest okkar kjósa tryggja og örugga þjónustu frekar en skattalækkun.

Jón Hákon Magnússon



Hringbraut 119
Sími: 55 44444

UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN

Auglýst er eftir ábendingum frá íbúum Seltjarnarness í tengslum við gerð Umferðaröryggisáætlunar Seltjarnarnesbæjar.

Ábendingum er hægt að skila fyrir **1. desember** á netfangið postur@seltjarnarnes.is eða í móttöku á bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2.

Sjá nánar um áætlunina á seltjarnarnes.is



SELTJARNARNESBÆR

Athöfn
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Vönduð og persónuleg þjónusta

Sími: 551 7080 & 691 0919

ATHÖFN ÚTFARARÞJÓNUSTA - athofn@athofn.is - www.athofn.is



Inger Steinsson



Inger Rós Ólafsdóttir

Fjárfestum í framtíð barnanna

Börnin í 1. sæti - Karl Pétur í 3. sæti

Við höfum gert flest vel hér á Seltjarnarnesi. En við getum gert betur. Ekki síst í menntun barnanna okkar. Mitt helsta markmið með starfi að bæjarmálum er að koma Grunn-skóla Seltjarnarness í fremstu röð og tryggja börnunum okkar bestu mögulegu menntun.

Seltjarnarnesbær mun á árinu 2014 verja 1,1 milljarði króna til skólans, riflega helmingi allra fjármuna sem bærinn hefur til ráðstöfunar. Skoða verður hvernig hægt er að nýta þessa fjármuni betur, hvernig fá megi betri arðsemi af því fé sem við fjárfestum í menntun barnanna okkar.

Ég legg til að Seltirningar sameinist um það markmið að hér verði ekki einn af bestu skólum landsins, heldur sá allra besta.

Ráðdeild bæjaryfirvalda og skynsamleg stefna í skipulagi skóla- og íþróttasvæðis á undanfórnum áratugum gerir okkur kleift að sækja fram. Einstök samþætting skóla við íþrótt- og tómsundastarfs skapar börnunum samfelldan vinnudag. Sterk fjárhagsleg staða bæjarins

og fjárfesting í innviðum skólans gera okkur mögulegt að ná þessu einfalda markmiði.

Ég nefni ráðdeild og tel að hún hafi einkum snúist um að þeir sem staðið hafa vaktina fyrir okkur á Nesinu hafa aldrei fallið í þá gildru að skulsetja bæjarfélagið fyrir framkvæmdum. Frá þeirri stefnu má aldrei hvika.

Aukin vitund um gæði skóla- og tómsundastarfs á Seltjarnarnesi mun auka eftirspurn fjölskyldufólks eftir húsnæði á Nesinu með tilheyrandi eignamyndun fyrir fasteignaeigendur. Það eru góðar fréttir fyrir stóran hluta bæjarbúa.

Ég legg til að á komandi kjörtímabili verði helsta áherslumál bæjarstjórnar að finna leiðina að ofangreindu markmiði og lýsi yfir vilja mínum til að leiða þá vinnu.

Karl Pétur Jónsson



Karl Pétur Jónsson.

Sjálfstætt Seltjarnarnes

Sveitarfélög gegna stóru hlutverki í lífi okkar. Krafan um úrvalsþjónustu Seltjarnarnesbæjar er bæjarbúum ekki einungis eðlileg heldur sjálfsögð. Af heildarlaunum bæjarbúa dregst 13,66% útsvar sem rennur beint í bæjarsjóð. Bærinn sinnir svo lögbundinni þjónustu við Seltirninga auk þess að leitast við að bæta lífsgæði fólks umfram það. Sjálfstæðismenn á Nesinu hafa frá upphafi náð að sameina góða þjónustu og lága skatta. Það er ekki sjálfgefið.

Seltjarnarnesbær skuldar lítið í samanburði við önnur sveitarfélög. Afar brýnt er að svo verði áfram. Aukin skuldafélag bitnar á allri þjónustu við bæjarbúa og hækkar skatta.

Því fylgja margir kostir að vera lítið sveitarfélag með 4300 íbúa. En stórar framkvæmdir á lánum geta þó auðveldlega komið hart niður á íbúum. Við Seltirningar verðum að sníða okkur stakk eftir vexti og fjárfesta í innviðum samfélags okkar eftir getu og forgangsraða skynsamlega.

Allar fosendur eru til þess að á Seltjarnarnesi séu bestu og eftirsóttustu skólar landsins. Enn má gera betur og því er mikilvægt að fjármunir sveitarfélagsins séu

sem best nýttir í skólamálu enda langstærsti útgjaldaliðurinn.


Ég legg áherslu á þjónustu við yngstu og elstu kynslóðir bæjarins. Ég legg áherslu á að fé fylgi barni í tómsundastarfi og þjónusta við aldraða sé eins og best verður á kosið. Ég vil lækka bæði útsvar og fasteignagjöld um leið og færi gefst. Greitt útsvar á hvern íbúa á Seltjarnarnesi er með því hæsta á landinu og fasteignaverð fer hækkanði.

Í komandi prófkjöri þann 9. nóvember ættu sjálfstæðismenn að hafa fyrirsögn þessarar greinar að leiðarljósi. Kjósið fólk sem er líklegast til að varðveita fjárhagslegt sjálfstæði bæjarfélagsins með skynsömum rekstri og fjárfestingum. Tryggið með uppröðun ykkar að sjálfstæðismenn stjórni Seltjarnarnesbæ áfram.

Magnús Örn Guðmundsson, viðskiptafræðingur, býður sig fram í 4.-5. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna 9. nóvember nk.



Magnús Örn Guðmundsson.



Ljósmyndastofa Erlings

Eiðistorgi, Seltjarnarnesi.

Fjölskyldu- og barnamyndatökur.

Stúdens- og fermingarmyndatökur.

Passamyndir.

Falleg mynd er góð og ómetanleg gjöf.

Tímappantanir í síma 5520624.



Ljósmyndastofa Erlings
Silla og Erling
552-0624
erling.is

Áfram mjög sterk fjárhagsstaða

Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2014 var lögð fram 30. október sl. til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar, hún sýnir áfram mjög sterka stöðu bæjarins, skuldir eru lágar og langt undir viðmiðunar-mörkum um fjármál sveitarfélaga.

Bygging hjúkrunarheimilis er stærsta fjárfestingin á næsta ári samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2014. Ekkert hjúkrunarheimili er á Seltjarnarnesi en gerður hefur verið samningur við ríkið um byggingu og rekstur 30 rýma hjúkrunarheimilis sem fjármagnað verður með svokallaðri leiguleið. Byggt verður samkvæmt viðmiðum velferðar-ráðuneytisins um skipulag hjúkrunarheimila þar sem áhersla er lögð á heimilislegar aðstæður þar sem settar eru fram ákveðnar kröfur um ytra og innra skipulag. Heimilið verður reist norðan við Lyfjafraeðisafnið, í landi Nes.

Álögur á íbúa eru með því lægst á landinu, útsvarið er nú 13,66% þegar hámarkið er 14,48%. fasteignaskattur er meðal þeirra lægstu 0,21%.

Hrunið og fjármálakreppan sem skall á fyrir fjórum árum hafði auðvitað sín áhrif hér á Nesinu, sem annars staðar. Draga þurfti úr útgjöldum og hækka útsvarið, hér sem annars staðar. Að sama skapi þurftu bæði íbúar og bæjarfélagið sjálft að fresta eða hætta við ýmis áform, byggingaframkvæmdir, lagfæringar og önnur verkefni sem kostuðu útgjöld.

Taka þurfti á skuldum bæjarfélagsins. Það var gert með aðhaldi og nú í nóvember 2013 er fjárhagsstaða

bæjarfélagsins góð, skuldahlutfall hefur batnað og útsvarið, sem hækkað var 1.12.2010, var lækkað aftur 1.12.2012 í 13.66%, sem er sambærilegt við það sem best gerist hjá sveitarfélögum hér á landi. Þetta er hér með áréttað því öðru hefur verið haldið fram.

Skuldir Seltjarnarness á hvern íbúa eru lágar miðað við nágranna-sveitarfélög og staða peningalegra eigna er sterk. Brýn fjárfestingarþörf hjá bænum er ekki mikil og hafa fjárfestingar á undanföllum árum ekki kallað á langtímalántökur.

Langtímaskuldir námu í árslok 2012 um 300 mkr., eignir hafa aukist langt umfram skuldir og skuldbindingar á hvern íbúa.

Næsta vor er enn og aftur gengið til sveitastjórnarkosninga, þar á meðal hér á Seltjarnarnesi. Ég hef notið þess heiðurs að gegna stöðu bæjarstjóra undanfarin ár og býð mig fram á nýjan leik í prófkjöri sjálfstæðismanna, sem fram fer 9. nóvember nk. Ég sækist eftir fyrsta sæti listans og gef kost á mér sem bæjarstjóri til næstu fjögurra ára.

Ég hef notið samstarfs við bæjarbúa og hef haft ánægju af samskiptum mínum við Seltirninga og leita nú umboðs til áframhaldandi samstarfs.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.



Ásgerður Halldórsdóttir.

Framtíð Seltjarnarness: lægri álögur, sama þjónustustig

Sem fæddur og uppalinn Seltirningur þá hef ég séð miklar breytingar á undanföllum fimm tíu árum. Mikið hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði og þjónustubyggingum. Vel hefur verið farið með innkomu bæjarins og ekki eytt um efni fram. Margar framkvæmdir hafa verið fjármagnaðar á tímabilum þegar hægt hefur verið að selja lóðir á háu verði því það hefur verið eftirsóknarvert að byggja á Nesinu. En slíkar fjármögnunarleiðir eru ekki lengur í boði. Nánast öllu landsvæði á Seltjarnarnesi, sem er skipulagt fyrir byggingar, hefur verið úthlutað og selt þannig að ekki verður sótt meira í þann brunn. Eftir standa fastir tekjustofnar og ekki auðvelt að sækja viðbótartekjur nema með því að hækka álögur. Það er ekki það sem við Seltirningar viljum. Þvert á móti þá við viljum lækka álögur, auka ráðstöfunartekjur íbúanna og auka verðmæti eignanna okkar. En hvað er til ráða, hvernig höldum við uppi jafn góðu þjónustustigi og við höfum, náum að fjármagna viðhald bygginga og gatna og á sama tíma lækka álögur? Við þurfum að fjölga greiðendum,

við þurfum að nema land og tryggja umráðarétt okkar yfir því landsvæði sem er okkar. Við eigum að bæta Lönguskerjum inn í aðalskipulag Seltjarnarness, bjóða svæðið undir nýjan flugvöll í stað flugvallarins í Vatnsmýrinni. Við eigum að standa að stofnun hlutafélags um verkefnið og tryggja að allar byggingar verði í landi Seltjarnarness, auka þannig tekjur bæjarins og hafa möguleika á því að lækka álögur á bæjarbúa án þess að skerða þjónustu. Við Seltirningar höfum ávallt verið úrræðagóðir þegar kemur að nýtingu lands. Löngusker tilheyra Seltjarnarnesi og það er mikilvægt að hefjast handa sem fyrst þannig að þetta tækifæri renni ekki okkur úr greipum.



Ásgeir G. Bjarnason.

Ásgeir G. Bjarnason frambjóðandi í 4. – 5. sæti á lista sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi.

Ásgeir G. Bjarnason frambjóðandi í 4. – 5. sæti á lista sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi.



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frimann Andrésson
útfararþjónusta



Jón Bjarnason
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elfásson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM

Önnust alla þætti útfararinnar



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



SYSTRASAMLAGIÐ

-verslun og kaffihús-

Viridian vítamín- og bætiefnalínan er framúrskarandi virk, fullkomlega "vegan" og án allra aukaefna, eða "nastis". Viridian er líklega vandaðasta bætiefnalínan á markaðnum í dag og fæst í Systrasamlaginu.



Afgreiðslutími:

Virkir dagar 9 - 18
Laugardagar 10 - 16

Suðurströnd 10, Seltjarnarnesi
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
Sími : 511 6367 www.facebook.com/Systrasamlagid

Lækkun fasteignagjalds, styrking skólastarfs, menning og útivist

Seltjarnarnesbær hefur um 2 milljarða til ráðstöfunar á næsta ári. Útsvarið nemur um 1.8 milljarði. Fasteignagjöldin, um 200 milljónir, eru reiknuð af fasteignamati en það hefur farið hækkandi undanfarin ár, hækkaði árið 2013 um 8.20%. Álagningarprósenta fasteignagjalda hefur haldist óbreytt. Því tel ég að stefna eigi að því að lækka álagningarprósenta á næsta kjörtímabili og lækka þannig álögur á bæjarbúa.

Um helming af skatttekjum bæjarins er varið til skólamála, eða um milljarði króna. Ef lítið er til skólana og íþrótt- og tómsundasviðs þá er 67% af skatttekjum varið í þessa málaflokka. Þetta sýnir að Seltjarnarnesbær gerir vel við unga fólk.

Grunnskóli okkar Íslendinga er dýr (McKinsey 2013). Útgjöld á hvern grunnskólannemanda eru 22% hærri hér á landi en á hinum Norðurlöndum. Því er ekki úr vegi að skoða kostnað við skólana hér á Nesinu sérstaklega og athuga hvort hægt sé að styrkja starfið enn frekar, efla það og bæta og huga að nýjungum í kennsluháttum, án þess að auka útgjöldin.

Þátttaka í Menningarháttíðinni okkar hér á Nesinu í ár sýnir það og sannar að Seltirningar kunna að meta það sem þar var boðið uppá. Á annað hundrað manns lögðu háttíðinni lið. Um 3 þúsund manns

komu til að njóta þess sem boðið var uppá. Það verður að hlúa vel að öflugum menningarlífi hér á Nesinu, það gefur lífinu lit og það kunna Seltirningar að meta.

Seltjarnarnes á dýrmætt svæði á vestanverðu nesinu. Það þarf að taka til hendi á Vestursvæðunum, hreinsa og fegra. Bæjarbúar eiga að ákveða framhaldið og hvað þeir vilja sjá á þessu svæði.

Undanfarin fjögur ár hef ég verið varabæjarfulltrúi og þannig aflað mér góðar þekkingar á málefnum bæjarins. Ég hef meistaraþróf frá Viðskiptafræðideild HÍ og íþróttakennaraþróf. Ég er kennari við Háskólann í Reykjavík og við Háskóla Íslands. Ég starfaði lengi sem fréttamaður og dagskrárestjóri hjá RÚV. Ég tel að menntun mín og starfsreynsla nýtist bænum vel og býð mig því fram í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.

*Katrín Pálsdóttir, formaður Menningarnefndar og varabæjarfulltrúi
Frambjóðandi í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.*



Katrín Pálsdóttir.

Skólarnir okkar í fararbroddi

Síðustu ár í bæjarstjórn hafa einkennt af ástandi þjóðfélagsins og aðaláhersla verið á hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins en þó með það að leiðarljósi að vernda grunnþjónustuna í bæjarfélaginu okkar. Ég tel að okkur hafi farist það ágætlega úr hendi og tekist að halda uppi góðu þjónustustigi og haldið nokkuð vel á fjármálum bæjarins í leiðinni

Sem formaður skólanefndar frá 2006 standa skólamálin mér nærri. Síðustu ár hafa farið að mestu í að minnka umfang reksturs grunnskólans til að bregðast við fækkun nemenda og er það okkar mat að jafnvægi sé náð í nemendafjölda grunnskólans og ekki verði frekari fækkun.

Þar hafa framúrskarandi stjórnendur og starfsfólk skólanna verið í fararbroddi við að sniða skólunum stakk eftir vexti með hagræðingu á ýmsum sviðum. Mikið hefur gerst í leikskólamállum en árið 2010 voru leikskólarnir sameinaðir í einn leikskóla undir dyggri forystu leikskólastjóranna. Það tekur tíma að snúa stóru skipi á rétta leið en við erum komin á rétta braut.

Við búumst frekar við fjölgun í skólunum á næstu árum ef byggingaráform ganga eftir á þeim svæðum sem enn eru óbyggð. Við getum auðveldlega tekið við fleiri nemendum í grunnskólanum þar sem innviðirnir eru til staðar og umgjörðin orðin þannig að auðvelt á að vera að bregðast við sveiflum í nemendafjölda.

Fjölgunar gætir nú þegar í leik-

skólanum hjá okkur þar sem nemendafjöldi er meiri en í nokkurn tíma, svo mikill, að við opnuðum nýja leikskóladeild nú á haustdögum til að mæta þörfinni á leikskólaplássi.

Nýlega sendi starfshópur á vegum skólanefndar frá sér skýrslu, um framtíðaruppbyggingu þjónustu til foreldra eftir fæðingarorlof þar sem hugað er að því hvernig skuli bregðast við fjölgun barna á leikskólaaldri og yngri í sveitarfélaginu, sem er til skoðunar í bæjarstjórn.

Með samstilltu átaki starfsfólks og forystu hefur okkur tekist að ná vel utan um rekstur grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla.

Þannig hefur rekstrarhlutfall fræðslusviðs á síðustu árum af skatttekjum bæjarsjóðs farið úr 65% í 54% í áætlun næsta árs.

Skólamálin eru í mínum huga einn mikilvægasti málaflokkurinn sem gefur okkur sóknarfæri til að laða að ungt fólk á Seltjarnarnesið. Við eigum að setja metnað okkar í að halda skólunum okkar í fremstu röð og gæta þess að ganga ekki of nærri þessari grunnþjónustu við unga fólk okkar sem skiptir svo miklu máli.

*Sigrún Edda Jónsdóttir
Formaður skólanefndar
Seltjarnarness*



Sigrún Edda Jónsdóttir.

Bærinn minn

Amma mín sönglar oft "Seltjarnarnesið er lítið og lágt, lifa þar fáir og hugsa smátt". Ég hef mikið rætt þetta við hana en þetta var sönglaði á Grímstaðarholtinu þegar hún var að alast upp.

Ég verð að viðurkenna að ég tók þetta nærri mér í upphafi og varði bæinn minn með öllum þeim rökum sem ég taldi nauðsynlegt. Með tímanum tók ég eftir því að þegar hún sönglaði þetta horfði hún dreymnum augum út yfir höfnina og golfskálann frá stofluglugganum mínum. Eitt skiptið stóð ég við hlið hennar og fékk að vita að hún og afi ætluðu

að kaupa hús á Lindarbraut en það ekki gengið eftir og þau endaði í Álheimum í Reykjavík. Þar bjuggu þau í yfir 30 ár.

Ég er alin upp í Hvassaleiti og þegar ég hef verið einhvers staðar á milli 10 og 12 ára fór ég reglulega með leið 3 út á Nes í sund. Besta sundlaugin fyrir systur mína, sem er með psoriasis, var Sundlaug Seltjarnarness. Eyddum við þar löngum sumardögum. 16 ára kynntist ég bestu vinkonu minni en hún bjó á Seltjarnanesi. Þótti mér hún rík að eiga sterkan og góðan vinahóp sem bauð mig velkomna í hópinn. Það sem einkenndi þennan hóp var samheldni og traust vinátta þar sem gagnkvæmt traust og hlýja skein í gegn. Ég hugsaði eitt sinn með mér þegar ég keyrði framhjá Eiðistorgi áleiðis á Nesbalann að ekki væri amalegt að alast upp í svona litlum og krúttlegum bæ. Árið 2001 flutti

ég svo á Melabrautina rétt áður en elsta barnið mitt kom í heiminn. Ég hef gert grín að því í gegnum árin að mér hafi verið ætlað að búa á Seltjarnarnesi því ekki getum við skellt öllu á tilviljanir eða hvað? Það var manni mínum mikið kappsmál að börnin hans yrðu innfæddir Seltirningar og því fluttum við hingað rétt áður en elsti fæddist. Ég hef stundum verið nefnd innfluttur Seltirningur en eftir að hafa þrammað neshringinn í þremur fæðingarorlofum hef ég orðið meiri Seltirningur en margir hinna innfæddu. Bærinn er orðin mér kær og hef ég lagt mig fram um að aðstoða og taka þátt í þeim viðburðum sem í boði eru. Mér er efling bæjarandans mikið hjartansmál. Seltjarnarnes hefur verið kallaður svefnbær og jafnvel frekur frændi af utanaðkomandi aðilum. Við verðum að hafa okkur öll við til að svo verði ekki. Við verð-

um að sameinast öll sem eitt og að leita leiða til að laða unga fólk til okkar. Mér finnst nauðsynlegt að við höfum skýra framtíðarsýn varðandi bæinn okkar. Við höfum búið við styrka fjármálastjórn í tíð Sjálfstæðisflokksins og hef ég fulla trú á að svo verði áfram. Við erum þekkt fyrir skynsemi í fjármálum og það ásamt skýrri framtíðarsýn gerir bæinn heillandi í augum annarra.

Ég, Sigríður Sigmarsdóttir leita eftir stuðningi þínum í 2.-5. Sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.



Sigríður Sigmarsdóttir.

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

Það er gott að búa á Seltjarnarnesi!

Mér hefur alltaf liðið vel á Seltjarnarnesi og ég vona að þannig sé því einnig farið með aðra sem búa í sveitarfélaginu. Hér er gott samfélag í mikilli nálægð við náttúruna og mikil tækifæri til útivistar. Skólar eru góðir og rannsóknir sína að ár eftir ár ljúka unglingar okkar námi frá grunnskólanum án þess að hafa þyrjað að reykja eða neyta áfengis. Álögur á íbúa eru óviðla lægri en á Seltjarnarnesi. Vísbending, tímarit um viðskipti og efnahagsmál, velur á hverju ári draumasveitarfélagið, þ.e. það sveitarfélag sem best eða eftirsóknarverðast er að þeirra mati. Við þessa matsgerð er litið til útsvarstuðuls, skuldastöðu, veltufjárhlutfalls og íbúaþróunar. Seltjarnarnes er í síðustu mælingu „hástökkvari“ á þessum lista, en sveitarfélagið er það næstbesta á landinu samkvæmt niðurstöðu Vísbendingar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kynnti nýverið skýrslu sem sýnir að Seltjarnarnesið er eitt öruggasta búsetusvæðið á landinu öllu. Þessu hljótu við íbúar á Seltjarnarnesi að fagna.

Áform nágranna okkar í Reykjavík um uppbyggingu á gamla hafnar-svæðinu og í Vatnsmyrinni og áform um byggingu hins nýja Landspítala hafa verið okkur nokkurt áhyggjuefni, en við teljum að aðkomuleiðir okkar séu mjög skertar með þessum áætlunum. Ég hef ásamt minni fagnefnd haldið á lofti rödd okkar í þessu máli og tel mikilvægt að fylgjast vel með hvornig því vindur fram.

Skattastefna okkar sjálfstæðismanna hefur ávallt verið að hafa álögur lágar, en við verðum þó að tryggja að sú þjónusta sem við erum stoltust af, þ.e. skólar og öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf, megi

áfram dafna. Seltjarnarnes hefur, eins og önnur sveitarfélög, ekki aðra tekjustofna en útsvar, fasteignagjöld og þjónustugjöld. Fyrir þessar tekjur rekur sveitarfélagið menntastofnanir, bókasafn og sundlaug, veitir öldruðum öflugum þjónustu, styður við íþrótt- og æskulýðsstarf og sinnir annarri grunnþjónustu. Tekjustofnar okkar standa vel undir þessum þáttum en rétt er að benda á að þegar þau svæði sem nú hafa verið skipulögð fyrir nýja byggð hafa byggst upp gæti skapast svigrúm fyrir lækun á t.d. útsvari.

Í umræðu síðustu daga hefur mikil verið rætt um nýútkomna skýrslu um breytingar á íþróttamiðstöðinni. Fá sveitarfélög hafa bolmagn til þess að ráðast í framkvæmd eins og þessa, en Seltjarnarnes er skuldlitíð sveitarfélag og verkefnið er okkur því ekki ofviða. Það er heldur ódýrara en framkvæmdir við sundlauginna sem ráðist var í árin 2005–2007, en ég hygg að flestir séu vel sáttir við þá framkvæmd rétt eins og ég er þess fullviss að íþróttamiðstöðin verður okkur öllum til mikils sóma að loknum framkvæmdum.

Í prófkjöri Sjálfstæðisfélags Seltirninga 9. nóvember næstkomandi býð ég mig fram í 2.–3. sæti listans og er ég þess fullviss að nái ég markmiði mínu muni það styrkja forystu okkar.

*Bjarni Torfi Álfþórsson,
forseti bæjarstjórnar Seltjarnarnes*



Bjarni Torfi Álfþórsson.

Framsýni, stefnufesta og öflugt sveitarfélag

Það er eftirsóknarvert að búa á Seltjarnarnesi. Sameiginlega hefur okkur tekist að búa hér til gott mannlíf með eftirsóknarverðum lífsgæðum.

Undir forystu sjálfstæðismanna hefur tekist að samþætta góða þjónustu við íbúana og lágar álögur. Góðir skólar, kraftmikið íþrótt- og æskulýðsstarf og öflug þjónusta við þá eldri, hafa gert það að verkum að á fáum stöðum er betra að búa en á Seltjarnarnesi. Framsýni og stefnufesta þeirra sem lögðu grunninn að öflugum sveitarfélagi hefur gert bæinn okkar að fyrirmynd annarra. Þar skiptir miklu súa einfalda en harða regla að eyða ekki um efni fram og ráðast ekki í framkvæmdir án þess að eiga eigið fé og stilla lántökum í hóf.

Á komandi árum bíða okkar mörg verkefni – áskoranir um að gera enn betur um leið og við höldum trúnað við þau gildi sem hafa mótað gott bæjarfélag.

Í mínum huga er bygging hjúkrunarheimilis forgangsmál. Hjúkrunarheimili hefur lengi verið á dagskrá en við getum ekki komist lengur undan því að ráðast í byggingu samhliða því að efla þjónustu við eldri borgara með heimaþjónustu. En við þurfum að standa vel að öllum undirbúningi og koma þannig í veg fyrir að kostnaður verði ekki meiri en áætlað er. Um leið verður að búa þannig um hnútana með samningum við ríkið að rekstur heimilisins verði ekki baggi á bæjarsjóði.

Verkefnið er fleiri. Í framtíðinni þarf að huga að stækkun fimleikahúss og þá í samhengi við endurbætur á okkar góðu íþróttamiðstöð. Samkvæmt áætlun, sem þó er háð töluverðri óvissu, er reiknað með að nýtt fimleikahús kosti um 600 milljónir króna.

Ég hef haldið því fram að áður en tekin sé ákvörðun verði að leita samstarfs við Reykjavíkurborg um fimleikahúsið enda ljóst að um 75% þeirra sem leggja stund á fimleika koma úr Vesturbænum. Væri áætluðum kostnaði skipt á milli sveitarfélagna miðað við iðkendur væri hlutur Reykjavíkur 450 milljónir króna.

Seltjarnarnes og Reykjavík hafa átt gott samstarf á mörgum sviðum. Vesturbæingar sækja margvíslega þjónustu til okkar, líkt og við til þeirra. Allt frá verslun til heilbrigðisþjónustu, íþrótt til útivistar. Það er því rétt og skynsamlegt að þessi tvö sveitarfélög taki höndum saman við að byggja upp betri aðstöðu fyrir vinsæla íþróttagrein.

Eitt loforð mun ég gefa Seltirningum: Ég mun ekki samþykkja framkvæmdir eða útgjöld sem stefna fjárhagslegum stöðugleika í hættu. Allra síst á þeim tímum óvissu sem nú ríka. Við höfum vitan til varnaðar.

Ég hef mikinn áhuga á og metnað fyrir að halda áfram að starfa í þeirri samhentum forystusveit Sjálfstæðisflokksins sem leitt hefur stjórn bæjarins á yfirstandandi kjörtímabili og óska því eftir stuðningi í 2. sæti listans í prófkjöri þann 9. nóvember n.k.

Eftir Guðmund Magnússon.

Höfundur er bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og býður sig fram í 2. sæti á framboðslista flokksins fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar.



Guðmundur Magnússon.

Grillið
Á HÓTEL SÖGU

Villibráðarmatseðill Grillins verður í boði frá 6. til 13. nóvember.

Jólaveisla Grillins hefst 21. nóvember. Bjóðum upp á þriggja, fjögurra og sjö rétta matseðla með íslensku lostæti í hátíðarbúningi.

Framúrskarandi hráefni, metnaðarfullir matreiðslumenn og úrvalsþjónusta gera Grillið að veitingastað á heimsmaelikvarða. Uplifðu eitthvað sérstakt – komdu í eftirminnilega kvöldstund í Grillið.

ANTON & BERGUR



14 leikmenn í landsliðshópunum

Mikill uppgangur hefur verið í handknattleik hjá íþróttafélaginu Gróttu undanfarin ár. Þar er heldur betur að skila sér í yngri flokka starfi félagsins, því nú þegar landsliðsþjálfarar Íslands eru að velja í landslið Íslands kemur í ljós að Gróttu á hvorki meira né minna en 14 leikmenn í öllum þeim landsliðshópum sem valdir hafa verið.

Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir það öflugna starf sem unnið er á Seltjarnarnesinu og á án efa eftir að skila sér með auknum áhuga yngri félagsmanna sem sjá orðið landsliðsmenn í öllum handbolta landsliðum Íslands á göngum íþróttahússins. Gróttu er einstaklega stolt af þessum leikmönnum sínum. Í landsliði Gróttu eru Íris Björk Símonardóttir og Unnur Ómarsdóttir í A-landsliði kvenna. Eva Björk Davíðsdóttir í U20 ára kvenna. Elín Jóna Þorsteinsdóttir í U18 ára kvenna. Elín Helga Lárusdóttir og Lovísa



Unnur Ómarsdóttir og Íris Björk Símonardóttir.

Thompson í U16 ára kvenna. Ólafur Ægir Ólafsson og Vilhjálmur Geir Hauksson í U20 ára karla. Aron Dagur Pálsson, Hjalti Már Hjalta-son og Þorgeir Bjarki Davíðsson í U18 ára karla og Gísli Gunnarsson, Hannes Grimm og Jóhann Kaldal í U16 ára karla.

Upptökustjórinn kominn í sérmerktan Gróttubúning

Magnús Sverrir Ólafsson er öllum Gróttumönnum að góðu kunnur. Hann hefur starfað í kringum handboltann hjá Gróttu undanfarin áratug og hefur starfað sem upptökustjóri á þeim tíma.

Gríðarlega mikilvægt er að hafa góðan mann í því hlutverki þar sem videovinna verður stærri og stærri hluti af boltanum með hverju árinu. Maggi hefur verið gríðarlega duglegur í þessu starfi, og skiptir það engum toga hvort það er um heimaleik eða útileik að ræða. Á dögunum fékk Maggi sérmerktan búning frá deildinni eins og sjá má á myndinni. Við sama tækifæri langar deildinni, þjálfurum hennar og leikmön-



Magnús Sverrir Ólafsson.

um að þakka Magnúsi Sverri kærlega fyrir þá vinnu sem hann hefur unnið undanfarin ár en að sama skapi er tilhlökkun að vinna áfram með Magga á næstu árum.

Íþróttabærinn Seltjarnarnes

Öll sveitarfélög á Íslandi vilja leggja áherslu á að miðla ákveðinni samfélagsmynd til sinna íbúa. Slík samfélagsmynd miðar ekki síst að því að vekja jákvæða athygli á bæjarfélaginu, lífsgæðum samfélagsins og umhverfi þess. Í því sambandi gegna íþróttafélögin stóru hlutverki. Þau eru í flestum tilvikum flaggskip sinna sveita, ekki aðeins vegna afreka einstakra íþróttamanna eða liða, heldur einnig vegna þeirra lífsgæða sem sveitarfélögin skapa með stuðningi sínum við þau.

Gróttu er eitt slíkt flaggskip og fátt er eins samgróið ímynd Seltjarnarness og Gróttu. Góður árangur hefur margt með ímynd íþróttafélagsins að gera. Þó er hið daglega og litríka barna- og unglingastarf langverðmætast. Íþróttafélagið Gróttu sendir árlega hundruðir barna á mót út um land allt. Á þessum vettvangi má vel merkja gott starf einstakra félaga, sem endurspeglast ávallt í fólkskvalausri lífsgleði þeirra barna sem njóta sín við íþróttaiðkun, óháð því hver skorar flest mörk eða fær hæsta einkunn. Þannig eru íþróttafélögin merkisberar lífsgæða í sinni heimabyggð. Því fylgir þó fjárfesting í uppbyggingu starfsins, innviðum þess og aðstöðu.

Íþróttamiðstöðin á Seltjarnarnesi er heimili Gróttu. Hún hefur verið gott heimili um árabíl og þar hefur hægt og rólega verið byggð upp aðstaða utan um þær íþróttagreinar sem stundaðar eru innan félagsins.

Nú liggja frammi áform um endurbætur á íþróttamiðstöðinni sem fyrirhugað er að framkvæma í áföngum. Mikið hefur verið lagt í áætlanir sem tengjast framkvæmdunum og miða þær að því að nýta núverandi aðstæður og húskost félagsins til hins ítrasta. Það er alveg ljóst að starfsemin hefur sprengt utan af sér húsnaðið og til

að áframhaldandi uppbygging geti átt sér stað innan íþróttafélagsins er nauðsynlegt að farið verði í þessar framkvæmdir.

Sá öri vöxtur sem orðið hefur innan Gróttu á undanförunum árum er til mikils sóma fyrir Seltjarnarnes. Í þessu sambandi má nefna að af þeim rúmlega 1000 börnum sem stunda íþróttir innan Gróttu eru um helmingur í fimleikum. Fyrir þá íþróttagrein er almennt aðstöðuleysi eitt vandamál, hitt er að deildin getur illa hlúð að þeim rúmlega 20% iðkenda sem stunda hópfimleika Hópfimleikar eru sú grein sem vex hvað hraðast og mest og er mjög mikilvæg enda mun bæting á aðstöðu til að stunda hana stuðla að minna brottfalli unglingssstúlkna úr íþróttum. Á Seltjarnarnesi eru hlutföll unglunga í íþróttum stúlkum ekki í hag og er það von okkar að þessi bæting á aðstöðu muni hjálpa til við að jafna þann hlut.

Hvað svo sem líður aðstöðuleysi eða jafnrétti kynjanna til íþróttaiðkunar þá má ekki gleyma því að uppbygging íþróttamiðstöðvar Seltjarnarness er allra hágur. Með henni verður öryggi og aðgengi að íþróttahúsinu bætt til muna, búningaástaða fyrir allar greinar mun batna verulega, lyftingaaðstaða fyrir iðkendur allra deilda mun gjörbyltast og aðbúnaður í kringum deildarleiki í handbolta verður margfalt betri. En síðast en ekki síst verður uppbygging íþróttamiðstöðvar Seltjarnarness til merkis um gróskumikið, fjölskylduvænt og litríkt bæjarfélag sem styður og styrkir grunnstöðir samfélagsins af heilum hug. Við vonumst til að þessar framkvæmdir verði að veruleika sem fyrst og tryggja áfram Seltjarnarnes sem eftirsóknavernt bæjarfélag fyrir fjölskyldur.

Stjórn Fimleikadeildar Gróttu

www.grottasport.is



GETRAUNANÚMÉR

GRÓTTU ER

170



Kokkarnir við hluta morgunverðarborðsins.

Fjölbreytt úrval á morgunverðarhlaðborði

-heilsudrykkir framleiddir á staðnum úr ferskum ávöxtum

Radisson BLU Hótel Saga við Hagatorg hefur aukið umtalsvert við gæði og framboðið á morgunverðarhlaðborðinu á hótelinu. Morgunverðarhlaðborðið hefur verið fært úr Skrud í Sunnusál, og það gefur umtalsvert meiri möguleika á enn betri þjónustu, m.a. með stærra hlaðborði.

Boðið er m.a. upp á ferska heilsudrykki sem framleiddir eru á staðnum á boost og djúsbar með pressun á ferskum ávöxtum sem eykur fjölbreytnina til muna. Valgerður Ósk Ómarsdóttir, markaðsstjóri, segir að íslenskar landbúnaðarvörur séu ætíð vinsælar meðal erlendra sem innlendra gesta hótelsins, og þar skipar skyrið stóran sess. Þann 31. október sl. var Halloween-dagurinn, sem fyrst og fremst er haldinn hátíðlegur í Bandaríkjunum en vegna þess að þann dag var hlutfall barna af hótelgestum nokkuð stór var sérstakt halloween-horn á morgunverðarborðinu og starfsfólk var með viðeigandi höfuðföt.

Valgerður bendir á að þótt morgunverðarhlaðborðið sé ekki lengur í

Skrúði, gegni veitingastaðurinn mikilvægu hlutverki á hótelinu, en bæði í hádeginu og á kvöldin er þar boðið upp á gírnilega rétti. Þegar tónleikar eru í Háskólabíói getur verið hentugt að koma fyrst í Skrud og gæða sér á einhverjum af þeim frábæru réttum sem þar eru til boða daglega á hlaðborði, í hádeginu og á kvöldin en opnað er kl. 18:00 svo nægur tími ætti að vera áður en tónleikar eða annað menningarefni hefst sem sótt er.

Aðspurð um verð á morgunverðarhlaðborðinu segir Valgerður að heilsudrykkir úr ferskum ávöxtum kosti 750 krónur, léttur morgunverður 1.550 krónur og þá er ekki innifalið heitur matur eða heilsudrykkir en morgunverðarhlaðborð með heilsudrykkjum kostar 2.700 krónur. Morgunverðarhlaðborðið er ekki eingöngu fyrir hótelgasti, þangað getur hver sem er komið, t.d. gæti verið heppilegt að koma úr morgunundinu úr Vesturbæjarlaug eða annari sundlaug og fá sér hressingu áður en farið er í vinnuna, og svo er hægt að taka með sér heilsudrykki.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Tómas Gauti Jóhannsson nemi í MH. Hann er einn af leikstjórunum í 1. des leikriti Valhúsaskóla í ár þar sem hann skrifaði leikverkið. Fyrr á þessu ári fékk hann viðurkenningu frá Ungleik fyrir framúrskarandi handrit. Tómas var í jafningjafræðslunni í sumar sem er mikilvægt starf til að miðla þekkingu áfram til unglunga



Fullt nafn? Tómas Gauti Jóhannsson.

Fæðingard. og ár? 3. mars 1993.

Starf? Nemi og vinn hjá Miðlun. Svo er ég auðvitað að leikstýra 1. des. núna.

Farartæki? Strætó.

Helstu kostir? Opinn, hress og jákvæður.

Eftirlætis matur? Naut með Beamise ala pabbi.

Eftirlætis tónlist? Ég er mikil alæta á tónlist. Allt frá Drake yfir í Arcade Fire.

Eftirlætis íþróttamaður? Dimitar Berbatov og Daði Már Jóhannsson.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Entourage og ég verð að viðurkenna að ég er með veikan blett fyrir nýjustu seríunni af Masterchef.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Ég kem úr Harry Potter kynslóðinni og ég get ekki sagt annað en Harry Potter bækurnar.

Uppáhalds leikari? Þessi er erfið.

Suarez hefur klárlega átt sín móment en ég verð að segja Joseph Gordon-Levitt

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Besta er 12 angry men. Uppáhalds eru Fight Club og Adaptation.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Fylgjast með enska boltanum. Ég reyni að skrifa mikið og horfi mikið á kvikmyndir. Einnig er alltaf gaman að vera í góðra vinahópi

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Dubrovnik í Króatíu.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Húmor. Finnst leiðinlegt þegar fólk er of alvarlegt.

Hvern vildir þú helst hitta?

Ég verð að segja Charlie Kaufman.

Uppáhalds vefsíða? Wikihow er snilld.

Ég lærði m.a. að pakka inn jólagjöfunum þar.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Ég hef aldrei átt finan hatt...

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Ég myndi

slá tvær flugur í einu höggi og fara á Justin Timberlake tónleika í Manchester borg nk. apríl og fara á United leik í leiðinni. Síðan myndi ég halda ferðalaginu mínu áfram og fara í heimsreisni.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Ég myndi

endurvekja leikfélag Seltjarnarnesbæjar sem hefur verið í dái síðustu ár. Það væri skemmtilegt ef Seltirningar gætu gert meira saman en að fara á Stúdmanballið. Ég myndi bæta aðstöðu Gróttu. Svo síðast en ekki síst myndi ég hvetja til kynjafræðikennslu í Valhúsaskóla.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Ég ætla að komast inná sviðslistarbraut í LHÍ. Svo stefni ég á að leikstýra og skrifa bæði leikrit og kvikmyndir. Það væri líka alltaf gaman að leika eitthvað sjálfur. Það væri líka draumur að ferðast mikið og búa jafnvel erlendis.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ég var svo heppinn að fá að vinna í jafningjafræðslunni sem er skemmtilegasta vinna sem ég hef verið með. Ég fór síðan í interrail ferðalag um Austur Evrópu með kærustunni minni og góðum vinum. Það var ótrúlegt ævintýri þar sem ég m.a. heimsótti útrýmingarbúðir nasista í Auschwitz. Besta sumar hingað til.



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi



Sími: 588 9705

www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudaga
10:00 til 15:00



Guðmundur Magnússon í 2. sæti

Framtíðarsýn fyrir Seltjarnarnes

Það er hlutverk þeirra sem taka að sér að vera í forystu að setja fram markmið og leiðir til þess að ná þeim. Fáí ég áfram stuðning til þess að skipa forystusveit sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi mun ég beita mér fyrir eftirfarandi:

1. Vöndum okkur og **förum vel með skattfé bæjarbúa**, - eyðum ekki um efni fram.
2. Tryggjum að Seltjarnarnes verði ávallt með **lægsta útsvar og fasteignagjöld** allra sveitarfélaga.
3. Gerum skólana okkar að **bestu skólum landsins**.
4. **Byggjum hjúkrunarheimili, af ráðdeild og skynsemi** og bætum jafnframt aðra þjónustu við aldraða eins og mögulegt er.
5. Styrkjum Gróttu, Nesklúbbinn og aðra sem sinna gríðarlega **mikilvægu forvarnastarfi og heilsuefingu** meðal allra aldursflokka.
6. Verum stöðugt vakandi fyrir því að gera okkar **ágæta samfélag enn betra**.

Með góðri samvinnu og áframhaldandi forystu Sjálfstæðisflokksins getum við tryggt að Seltjarnarnes verði sem aldrei fyrr eftirsóttasta bæjarfélag landsins til búsetu.

Kjósum öll á laugardaginn, - og **tryggjum áfram farsæld á Seltjarnarnesi**.

Bestu kveðjur